

30.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins mánudaginn 20.ágúst 2012 og hófst kl. 19.00. Mætt: Sigurjón, Kári, Gry, Guðjón. Grétar Hrafnsson sat fundinn. Hulda meldaði forföll.

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt
- 2) Landsliðsmál:
Stjórnin fagnar velgengni Fannars Gauta Dagbjartssonar og Halldórs Eyþórssonar á EM öldunga 2012.
Grétar gerði grein fyrir stöðu landsliðsmála. Framundan:
HM unglina: Viktor Samúelsson og Júlían Jóhannsson keppa. Grétar Hrafnsson og Kári Karlsson verða til aðstoðar.
HM open: Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir keppa. Grétar Hrafnsson fer með, hugsanlega Klaus Jensen. Sigurjón Pétursson situr þing IPF.
NM bekkpressa: Jóhanna Þórarinsdóttir keppir. Gry Ek situr þing NPF.
Ákveðið: **Gry** gengur frá skráningum. Aftur verður auglýst eftir efnilegum ungmönnum fyrir Norðurlandamótið í febrúar.
- 3) Norðurlandamót unglina 2013
Þetta mót fer fram á Íslandi í lok febrúar og þarf undirbúningur að hefjast.
Ákveðið: **Kári** Karlsson verður mótstjóri. **Gry** sendir handbók mótshaldara á alla stjórnarmenn og í dropbox.
- 4) KFA og skýrsluskil.
Keppnisráðgjafi frá Akureyrarmótinu í kraftlyftingum í júlí hefur borist eftir að frestur rann út. Skýrslan er ekki fullnægjandi.
Ákveðið: **Gry** hefur samband við ritara mótsins og gengur úr skugga um réttmæti úrslitanna. Úrslitin verða birt.
- 5) Þing NPF
Stjórnin samþykkir þær tillögur sem liggja fyrir þingið. Stjórnin tilnefnir Sigurjón Pétursson sem forseta og Gry Ek sem ritara NPF til næstu tveggja ára. Stjórnin samþykkir að gripið verði til aðgerða gegn fyrrverandi GS vegna gruns um fjármálamisferlis. Stjórnin vill fylgja eftir tillögu sinni um að koma Norðurlandamót inn á mótaskrá IPF.
Ákveðið: **Gry** situr þingið og kemur þessum málum áleiðis.
- 6) Fjármálastaða
Kári gerði grein fyrir stöðu mála, en fjárhagsáætlun hefur staðist.
- 7) Aðildarumsókn að KRAFT.
Kraftlyftingafélagið Víkingur á Ísafirði hefur óskað eftir aðild að sambandinu. Stjórnin fagnar stofnunnar félags á Vestfjörðum. Aðildarbeiðni samþykkt með fyrirvara um að lög hins nýstofnaða félags verði samþykkt af laganefnd ÍSÍ.
Ákveðið: **Gry** sendir svar þess efnis.
- 8) Formannafundur að hausti
Ákveðið að halda formannafund í tengslum við bikarmótið í lok nóvember.
- 9) Mótaskrá 2013
Frestur til að biðja um mót fyrir næsta tímabil rennur út 1.september. Stjórnin vill hafa hönd í bagga með niðurröðun móta í framtíðinni til að tryggja jafna og góða dreifingu móta og

Þátttöku sem flestra félaga.

Ákveðið: **Kári** ræðir við mótanefnd um að gera tillögu að skipulag næstu ára.

10) Styrkir til afreksmanna og ungra og efnilegra.

Frestur til að sækja um í sjóði ÍSÍ er að nálgast.

Gögn frá Fannari og Halldóri hafa ekki borist.

Ákveðið: **Gry** minnir á umsóknarfresti á kraft.is og í tölvupósti til félaga. **Sigurjón** ítrekar við landsliðsmenn að skila skýrslum um persónulega styrki.

11) Kraftlyftingadeild UMF Selfoss.

Deildin er nánast óvirk.

Ákveðið: **Útbreiðslunefndinni** falið að fara yfir málið við fulltrúa Ungmennafélagsins.

12) Dómaramál.

Dómaranámskeið og byrjendamót í lok september er í undirbúningi.

Ákveðið: **Guðjón** klárar að hanna dómaraskírteini. **Guðjón** hefur umsjón með framvindu málsins og auglýsir tímasetningu eins fljótt og hægt er svo menn geti undirbúið sig.

13) Þjálfaranámskeið.

Sérgrainahluti Þjálfara 1 í kraftlyftingum verður með þessu sniði:

a) skyndihjálparnámskeið 16 tímar

b) keppnisreglur KRAFT og IPF, lög og reglugerðir KRAFT 10 tímar

c) kraftlyftingaþjálfun, æfingarplan, rétt næring, notkun búnaðar og aðstoð á mótum 34 tímar = 60 tímar.

a-hlutinn verður kenndur í samstarfi við Rauða kross Íslands

b-hlutinn verður kenndur og prófaður í tengslum við dómaraprófið í haust

c-hlutinn verður kenndur helgina 21-23 september nk.

Nauðsynlegur undanfari er Almenni hluti þjálfara 1 hjá ÍSÍ. Skráning fer fram gegnum félögin.

Námskeiðið kostar 20 000 krónur + gjald fyrir námskeið Rauða krossins. Samþykkt að KRAFT greiði gjaldið fyrir landsliðsþjálfara.

Ákveðið: **Gry** ræðir við Dietmar um fjöldatakmörkanir. **Gry** ræðir við Viðar Sigurjónsson um menntun sem hugsanlega jafngildir þjálfara 1 hjá ÍSÍ. **Gry** ræðir við Rauða krossinn um námskeiðshald. **Gry** auglýsir námskeiðið þegar allar upplýsingar liggja fyrir.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21.30

Fundarritari: Gry Ek